

## **12. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir landsstjórnina að reisa betrunarhús og letigarð.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

### **1. gr.**

Landsstjórninni skal heimilt að verja af ríkisfje alt að 100 þús. kr. til að kaupa land og láta reisa betrunarhús og letigarð, þar sem skilyrði þykja góð, til að fangar, og slæpingar, sem ekki vilja vinna fyrir sjer eða sinum, geti stundað holla og gagnlega vinnu.

### **Greinargerð.**

Það er nú alment viðurkennt að fangahúsið í Reykjavík uppfylli ekki lengur kröfur þær, sem hegningarfærðin gerir til betrunarhúsa. Veldur þar

margt um. Húsið er inni í miðjum höfuðstaðnum. Það er alt of lítið, hefir nálega engin skilyrði til að fangarnir geti unnið, sist at öllu undir berum himni. Vegna þess hve garðurinn er lágur og hús byggð upp að honum, hefir reynst erfitt að einangra þar fanga, meðan á rannsókn hefir staðið.

Með vaxandi þjettbýli við sjávarsíðuna, og einkum vegna hins öra vaxtar höfuðstaðarins, hefir myndast talsverð stjett slæpinga, er ekki vilja sinna gagnlegri vinnu, og verða sjálfir, og þá ekki síður börn þeirra, þjóðfjelinu til byrði. Úr þessu þarf að bæta og er álitid að vel megi sameina nýtisku betrunarhús og letigarð, þar sem heilsuhraustir letingjar væru þvingaðir til að vinna. Slik stofnuu yrði að vera í sveit, ekki fjarri höfuðstaðnum. Þar yrði að reka allstórt bú, mikla garðrækt, en um vetur stunda smíði, vefnað og saum. Með þessum hætti yrði fangahúsið sjálfstætt heimili, er væntanlega þyrfti ekki að verða landinu til verulegrar byrði, er fram liðu stundir, auk þess sem vist í vinnuheimili mun líklegri til að hafa bætandi áhrif á hugi síðferðislegra sjúklinga, heldur en innilokun og iðjuleysi. Af letigarðinum myndi mörgum sveitar- og bæjarfjelögum stafa mikið gagn á þann hátt, að landeyður, sem nú vilja ekki vinna fyrir sjer eða börnum sínum, myndu mjög oft fremur vilja vinna eins og frjálsir menn, heldur en komast á slikt vinnuheimili, þar sem aðbúðin væri að visu góð, en þeir þó sviftir frelsi um lengri eða skemmri tíma.

Að svo stöddu er ekki hægt að gera nákvæma áætlun um stofnkostnað betrunarhúss og vinnuheimilis í sveit, en allar líkur eru til, að það myndi ekki verulega fara fram úr þeirri upphæð, sem hjer er tiltekin.